

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpeyð.st Suðurnesja, Kalka Kalka, Berghólabraut, Helguvík



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	26.11.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpeyð.st Suðurnesja, Kalka	<b>Fulltrúi UST</b>	Valur Klemensson
<b>Heimili</b>	Berghólabraut 7	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5312780469	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jón Norðfjörð	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0,38.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ingbór Karlsson	<b>Staðsetning</b>	325484,211 396471,342

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila hefur allri flugösku verið safnað upp síðan starfsemi hófst. Í eftirlitinu staðfestist að mikið magn flugösku er geymt úti undir berum himni. Vitað var um flugösku í geymsluhúsnæði, áætlað magn hennar er skv. rekstraraðila tæp 1000 tonn. Ekki lá ljóst fyrir fyrr en eftirlit fór fram að að flugaska væri geymd utandyra en rekstraraðil áætlað að það magn séu um 2450 tonn. Alls voru 4 frávik staðfest við eftirlit sem eru 1 Meðhöndlun flugösku er óviðunandi, 2. Meðhöndlun spilliefna á suðurplani stöðvarinnar er óviðunandi, auk þess sem annar úrgangur er innan um spilliefnin. 3. kvittunum vegna meðhöndlunar botnösku hafði ekki verið skilað og 4. geymsla botnösku á umráðasvæði rekstraraðila er óviðunandi.

## UMFANG EFTIRLITS

Fregnir bárust af geymslu flugösku Kólku undir berum himni, en hingað til hafa einungis legið fyrir upplýsingar um geymslu flugösku innanhúss. Því var ákveðið að megináhersla yrði lögð á eftirlit með flug- og botnösku að þessu sinni. Athafnasvæði gömlu sorpbrennslunnar, sem stendur við Hafnarveg á Suðurnesjum var skoðað, sem og athafnasvæði Kólku. Ríkharður Friðriksson frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja sat fund með rekstraraðila og skoðaði umráðasvæði Kólku einnig. Á fundinum var farið yfir rekstur Kólku (umhverfisþætti), bilanir, notkun og lokun Kolbeinsstaðanámu, magn, meðhöndlun og geymslu botn- og flugösku. Þá var meðhöndlun spilliefna og fjárhagslegar ábyrgðir ræddar.

### Frávik frá

Ákvæði 2.24. í starfsleyfi. Samkvæmt því skalaska frá brennslunni endurnýtt, eða urðuð á stað sem til þess hefur starfsleyfi, einnig gr. 24 og 25. í reglug. nr. 739/2003 og 10 gr. laga nr. 55/2003.

### Lýsing á frávikum

Stór hluti þeirrar flugösku sem fallið hefur til í rekstrartíð Kólku er geymdur undir berum himni á athafnasvæði gömlu Sorpeyðingarstöðvarinnar við Hafnarveg á Suðurnesjum. Áætlað magn eru 2450 tonn.

Ákvæði 2.7 í starfsleyfi. Samkvæmt því skal öll meðferð spilliefna vera innandyra og í rými án fráveitu, þar sem þess er kostur.

Spilliefni auk annars úrgangs er geymdur á syðra útsvæði, en sama frávik hefur verið staðfest undangengin ár. Meira af spilliefnum var nú á svæðinu en áður og afar illa búið að hluta þeirra, lok vantaði á flest kör, tappa í sum þeirra og lak úr þeim þó frost væri í jörðu. Vökvi, blandaður spilliefnum var í jaðri suðurplansins. Gaskútar voru geymdir við hlið spilliefnanna. Áform rekstraraðila um að reisa spilliefnaskýli árið 2012 hafa ekki gengið eftir.

3. mgr. 47. gr. laga nr 55/2003, en þar segir: "Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til eftirlits með framkvæmd laganna..."

Umhverfisstofnun hafði ekki fengið afhentar kvittanir frá ráðstöfunaraðila botnösku þrátt fyrir endurtekna beiðni þar um. Staðfesting frá SORPU um meðhöndlun botnösku bárust stofnunni í tölvupósti 15. jan sl. Enn vantar upplýsingar um afdrif málmis úr botnösku, sem og ráðstöfun hennar árin 2010, 2011 (að hluta) og 2012

Í starfsemis lýsingu (ákv.1.2 í starfsl.) er ekki veitt heimild fyrir meðferð botnösku á svæðinu. Þá skulu skv ákv. starfsl. nr.1.6 breytingar á rekstri tilkynntar til UST áður en ráðist er í þær. Um geymslu ösku ofl. úrg.teg. gildir gr. 24. í reglug. nr. 739/2003

Umráðasvæði Kólku hefur verið stækkað til suðvesturs og eru þar haugar með botnösku undir berum himni á malarlögðu undirlagi. Þessi breyting á rekstri var ekki tilkynnt til UST.

## ATHUGASEMDIR

Ekki var gerð sérstök skoðun á fráveitu að þessu sinni, en fram kom að endurbætur hafa ekki verið gerðar á fráveitu rekstraraðila. Því er sérlega bagalegt að svo illa er búið að spilliefnum á umráðasvæði rekstraraðila sem raun bar vitni. Fjallað verður um fráveitumál í næsta reglubundna eftirliti.

Skráningum rekstraraðila var áfátt í eftirlitinu. Ekki lágu fyrir skráningar um magn ösku sem farið hefur af umráðasvæði stöðvarinnar á Berghólabraut, né skráningar á ráðstöfun úrgangs sem barst rekstraraðila úr Kolbeinsstaðanámu en skv. ákv. 3.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili hafa daglegt eftirlit með rekstrarþáttum sem skaðað geta umhverfi. Skráningar eru mikilvægur eftirlitsþáttur og verður farið yfir skráningarmál rekstraraðila í næsta eftirliti.

## ANNAÐ

Tryggingar vegna umhverfistjóns voru ræddar á fundi. Rekstraraðili vissi aðeins um eina slíka þ.e. lögbundna ábyrgðartryggingu vegna hættu á mengun hafs og stranda.

Umhverfisstofnun telur að endurskoða þurfi það fyrirkomulag að flugaska sé geymd til bráðabirgða í geymslum í Sandgerði og Garði á grundvelli starfsleyfis sem gildir um athafnasvæði rekstraraðila í Reykjavnesbæ.

Reykjavík, 27.02.2013



Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.